

## FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

1.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn mánudaginn 28.. janúar 2013, kl: 09.30 í fundarherbergi Ráðhússins.

**Mættir undirritaðir:**

**Dagskrá:**

1. Forvarnarstefna Húnaþings vestra

**Samþykkt að taka á dagskrá:** 112 dagurinn þann 11 febrúar. Samskiptadagurinn. Vímuvarnarauglýsing í Sjónauka.

**Afgreiðslur:**

Umræða um forvarnarstefnu. Ákveðið að Eydís setji upp drög að forvarnarstefnu og kynni hana hópnunum á næsta fundi.

112 dagurinn verður þann 11. febrúar næstkomandi. Þema ársins er endurlífgun. Skoðað verður hugsanlegt samstarf við björgunarsveitina Húna. Skólahjúkrunarfræðingur verður með fræðslu fyrir 4. bekk þennan dag og kynningarmyndbönd fyrir eldri bekkina.

Ætlunin er að hafa samskiptadaginn í byrjun apríl með samstarfi við ungmennaráð. Að þessu sinni verður yfirskriftin sjálfstraust. Eydís mun leita að fyrirlesara fyrir þennan dag.

16. apríl næstkomandi verður 10.bekkjargaturinn og verið er að skoða hvort að ungmennadagurinn geti fléttast saman við á þeim degi.

Ákveðið að setja vímuvarnarauglýsingu í Sjónaukanum í aðdraganda þorrablótanna sem framundan eru. Hún mun birtast í Sjónaukanum í þessari viku.

Skólahjúkrunarfræðingur mun sækja um styrk til Krabbameinsfélagsins til smokkakaupa.

**Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 10.45**

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign) Karólína Gunnarsdóttir (sign)  
Magnús Magnússon(sign) Kristján Þorbjörnsson boðaði forföll.  
S. Kristín Eggertsdóttir(sign) Sigurður Þór Ágústsson(sign)

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttur fræðslu- og félagsmálastjóra

**Næsti fundur verður 21.febrúar klukkan 9.30-10.30**